

Mánudaginn 14. júní 1993.

Nr. 246/1993. **Rannsóknarlögregla ríkisins**

gegn

Ásgeiri Svan Herbertssyni.

Gæsluvarðhald. A-liður 1. mgr. 103. gr. 1. nr. 91/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hjörtur Torfason.

Varnaraðili hefur með heimild í 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 11. júní 1993, sem barst réttinum 14. júní. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 10. júní um gæsluvarðhald á hendur varnaraðila. Hann krefst þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldstími verði stytur.

Af hálfu sóknaraðila er krafist staðfestingar úrskurðarins.

Brot þau gegn almennum hegningarlögum nr. 19/1940, sem varnaraðili er grunaður um, falla undir XIV. kafla, sbr. 22. gr. þeirra laga. Með vísan til þessa og forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaðar er ekki krafist.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 10. júní 1993.

Rannsóknarlögregla ríkisins vinnur nú að rannsókn ætlaðs ólögmæts innflutnings ýmiss varnings á vegum kærða frá Þýskalandi til Siglufjarðar allt frá árinu 1991. Kærði hefur undanfarin ár átt lögheimili í Reykjavík, en þrátt fyrir það flutt inn eða tekið við varningi frá útlöndum á Siglufirði eftir afgreiðslu þar. Í sl. mánuði var skipað upp úr m/s Reykjafossi á Siglufirði hestakerru, sem í reyndust vera ýmsir munir, aðallega reiðtygi, en einnig voru þar áfengi, sjónvarp og húsmunir. Viðtakandi kerrunnar var sagður vera Rósa Hrafnisdóttir, Hlíðarvegi 37, Siglufirði, en greiðandi flutningsgjalds reyndist vera kærði, sem jafnframt kveðst vera eigandi varningsins. Þá hefur einnig komið fram, að kærði hefur tekið á Siglufirði við hestakerru, sem kom með skipi 22. febrúar 1992 til Siglufjarðar. Grunur

leikur á, að í kerrunni hafi verið reiðtygi, en með kerruna fór kærði til Eyjafjarðar, og upplýst er, að þar seldi hann talsvert af hnökkum og reiðtygjum dagana á eftir.

Samkvæmt rannsóknargögnum málsins er ástæða til að ætla, að afgreiðsla tollyfirvalda á Siglufirði beri ekki með sér, að nokkur varningur hafi verið í tveimur hestakerrum, sem skipað var upp á Siglufirði 22. febrúar 1992. Þá þykir tollafgreiðsla annars innflutnings á vegum kærða tortryggileg.

Vegna rannsóknar máls þessa þarf lögregla að yfirheyra ýmsa þá, sem kunna að tengjast máli þessu, þ. á m. bróður kærða, sem dvalist hefur erlendis, en er væntanlegur til landsins.

Brot þau, sem kærði er grunaður um, geta varðað hann fangelsi samkvæmt alm. hgl. nr. 19/1940 svo og tollalögum nr. 55/1987.

Með vísan til alls framanritaðs, rannsóknargagna málsins, sem lögð hafa verið fram, þykir hætta vera á, að kærði kunni að torvelda rannsókn málsins, ef hann fær að fara frjáls ferða sinna, og ber samkv. a-lið 1. mgr. 103. gr. laga að taka til greina kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins, eins og hún er fram sett.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Ásgeir Svan Herbertsson, sæti gæsluvarðhaldi í sjö daga allt til miðvikudagsins 16. júní 1993 kl. 16.00.
